

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um almannaflyg nr. 488/1997.

1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við grein 1.0:

*Atvinnuflyg* (Commercial aviation). Almenn hugtak um flugstarfsemi sem stendur almenn-  
ingi til boða gegn gjaldi.

*Flutningaflyg* (Commercial air transport operation): Starfræksla loftfars sem felur í sér flutn-  
inga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Eftirfarandi orðskýring fellur brott úr gr. 1.0:

*Atvinnuflytningar* (Commercial air transport Aviation).

2. gr.

Við grein 4.4.1 d) lið bætist eftirfarandi málslíður:

Við útreikninga á massa flugvélarinnar og staðsetningu þyngdarmiðju skal farið eftir  
flughandbók vélarinnar og skal nota raunmassa við útreikninga.

3. gr.

Eftirfarandi málslíður bætist við grein 4.8.1 eftir orðinu „fluginu“: Fyrir hvert flug skal  
mæla, með kvarða eða á annan jafngildan hátt, eldsneytismagn á tönkum flugvélarinnar og  
niðurstaðan skráð sérstaklega og kvittað fyrir.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um  
loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 137. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr.  
60/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*